



Fundargerð

Fundur í brunamála- og almannavarnanefnd Reykhólahrepps
þriðjudaginn 9. febrúar 2016 kl. 18.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Ágúst Már Gröndal formaður, Herdís Erna Matthíasdóttir og Eiríkur Kristjánsson. Einnig sátu fundinn Guðmundur Ólafsson slökkviliðsstjóri og Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin er rituð á tölvu og er tvær blaðsíður.

Ágúst bauð fólk velkomið og spurði eftir öðrum málum á dagskrá, eitt mál barst og var samþykkt að taka það á dagskrá, þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá

Mál til afgreiðslu

1. Fundargerð brunamála- og almannavarnanefndar 9. september 2014.

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.

2. 1304033 – Brunavarnaáætlun Reykhólahrepps.

2.1 Drög að brunavarnaáætlun.

2.2 Erindi frá Mannvirkjastofnun dagsett 10. desember 2015.

Ágúst fór yfir vinnu gagnvart brunavarnaáætlun, nýjar reglur árið 2015 gera það að verkum að vinna þarf upp áætlunina alveg upp á nýtt.

Fram kom að ákjósanlegast væri að slökkviliðsstjóri vinni áætlunina með sínu slökkviliði og nefndin verði þeim til halds og trausts. Til þess að það verði, þarf að gera ráð fyrir vinnu slökkviliðsmanna.

Í erindi Mannvirkjastofnunar kemur fram að brunavarnaáætlun skuli gerð og send stofnuninni fyrir 10. mars 2016.

Nefndin leggur til við sveitarstjórn, að slökkviliðsstjóra og slökkviliðsmönnum verði gert að hefja vinnu við og klára gerð brunavarnaáætlunar fyrir sveitarfélagið. Fundir vegna gerðar áætlunar verði hluti af þjálfun slökkviliðsmanna.

Nefndin leggur einnig til að sveitarstjórn leggi til aukið fjármagn í laun til slökkviliðsins vegna þjálfunar árið 2016. Samþykkt samhljóða.

3. 1512003 – Búnaðarlisti 2015.

Erindi frá Mannvirkjastofnun dagsett 3. desember 2016.

Nefndin leggur til við sveitarstjórn, að búnaðarlisti verði unninn af slökkviliðsstjóra og sendur Mannvirkjastofnun í tengslum við gerð brunavarnaáætlunar. Samþykkt samhljóða.

4. **1602001 – Menntaáætlun slökkviliðs fyrir árið 2016.**

Erindi frá Slökkviliðasviði Mannvirkjastofnunar dagsett 17. september 2015.

Nefndin leggur til við sveitarstjórn, að menntaáætlun fyrir slökkviliðið verði unnin af slökkviliðsstjóra og send Mannvirkjastofnun í tengslum við gerð brunavarnaáætlunar. Samþykkt samhljóða.

5. **1512008 – Almannavarnir sveitarfélaga – gerð leiðbeininga um störf almannavarnanefnda.**

Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dagsett 26. nóvember 2015.

Lagt fram og kynnt.

6. **1602002 – Leiðbeiningar til slökkviliða.**

Erindi frá Eldvarnasviði Mannvirkjastofnunar dagsett 29. apríl 2015.

Lagt fram og kynnt.

Önnur mál (ef einhver)

7. **Málefni slökkviliðs.**

Slökkviliðsstjóri fór yfir stöðuna í málefnum slökkviliðsins. Verið er að koma fyrir nýrri dælu á tankbílinn. Það þarf að endurnýja loftpressu við slökkvibíl og fleira. Útkall vegna brunans í Ljósalandi gekk vel, um 9 manns mættu í útkallið.

Fundargerð lesin, fundi slitið kl. 19.40.
